



102. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 11. nóvember, 2004, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2005.
Skólastjóri grunnskóla og byggingarfulltrúi mæta á fundinn.
2. Bréf frá Samtökum ferðaþjónustunnar.
3. Ályktun Húsfélags Efstubrautar 2.
4. Boðsbréf frá Sjónarhóli.
5. Erindi frá Háskólasetrinu í Hveragerði.
6. Bréf frá styrktarsjóði EBÍ.
7. Bréf frá Stígamótum.
8. Bréf frá Samtökum tónlistarskólastjóra.
9. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2005.
Mætt er Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri grunnskólans. Fór hún yfir helstu atriði fjárhagsáætlunar 2005 og lagði fram gögn. Vék skólastjóri af fundi kl. 18:45.

Rolf Árnason, byggingarfulltrúi mætti á fundinn og fór yfir helstu málaflökka tæknisviðs. Byggingarfulltrúi vék af fundi kl. 19:10.

Bæjarráð samþykkir að veita kr 400 þúsund til frágangs á plani við Hnjúkabyggð 33 á þessu fjárhagsári.
2. Bréf frá Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF).
Í bréfinu hvetja formaður og framkvæmdastjóri SAF viðkomandi ráðuneyti, sveitarstjórnir og fyrirtæki til umræðu um lengingu ferðamannatímabilsins undir yfirskriftinni "Lengjum háönnina í ferðaþjónustu - bætum maí og september við". Lagt fram til kynningar.
3. Ályktun Húsfélags Efstubrautar 2.
Fram lögð ályktun húsfélagsins þar sem því er beint til bæjaryfirvalda að öflugur brunahani verði staðsettur norðaustan við Efstubraut 2. Erindinu er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2005.
4. Boðsbréf frá Sjónarhóli.
Ráðgjafamiðstöðin Sjónarhóll býður til móttöku laugardaginn 13. nóvember nk. Lagt fram til kynningar.



5. Erindi frá Háskólastrinu í Hveragerði.

Sótt er um 10 þúsund styrk frá Blönduósbæ vegna rannsókna á íslenskum náttúruaugum og söfnun upplýsinga um þær. Bæjarráð samþykkir erindið.

6. Bréf frá styrktarsjóði EBÍ.

Fram kemur að samþykktar hafa verið 15 styrkveitingar úr sjóðnum að upphæð 4 milljónir króna. Ekki reyndist unnt að styrkja Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.

7. Bréf frá Stígamótum.

Leitað er eftir fjárstuðningi við starfsemi Stígamóta fyrir árið 2005. Erindinu er vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2005.

8. Bréf frá Samtökum tónlistarskólastjóra.

Málþing vegna nýrrar lagasetningar um tónlistarskóla verður haldið 19. nóvember nk. Erindinu er vísað til héraðsnefndar A-Hún.

9. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)